

Mánudaginn 7. september 1998.

Nr. 342/1998.

M(Pórey S. Þórðardóttir hdl.)
gegn**K**

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

Kærumál. Matsgerð. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. ágúst 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. ágúst 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu yfirmatsmanna. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveðja þrjá yfirmatsmenn til að leggja mat á hæfi málsaðila til að fara með forsjá fjögurra nafngreindra barna þeirra og tengsl málsaðila við þau. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu án tillits til þess, að sóknaraðila var veitt gjafsókn í málinu 21. nóvember 1997, svo og, að sér verði ákveðinn gjafsóknarkostnaður úr ríkissjóði vegna þessa þáttar málsins.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur. Einnig krefst varnaraðili þess, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða kærumálskostnað án tillits til gjafsóknar, sem varnaraðila var veitt í málinu 21. nóvember 1997.

Eins og nánar greinir í hinum kærða úrskurði, höfðaði varnaraðili málið til að fá sér dæmda forsjá fjögurra barna aðila, og var það þingfest 25. september 1997. Héraðsdómari dómkvaddi 15. desember 1997 tvo sálfræðinga til að leggja mat á hæfni aðila til að hafa með hendi forsjána og tengsl þeirra við börnin. Matsgerð var dagsett 3. apríl 1998 og lögð fram á dómþingi 14. sama mánaðar. Við fyrirtöku málsins 14. maí 1998 krafðist sóknaraðili þess, að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn. Þeirri kröfu hafnaði héraðsdómari með

úrskurði 20. sama mánaðar, og var hann ekki kærður til Hæstaréttar. Í þinghaldi 29. maí 1998 lýstu lögmenn aðila yfir, að gagnaöflun væri lokið að öðru leyti en því, að sóknaraðili áskildi sér rétt til að leggja fram læknisvottorð. Aðalmeðferð málsins var þá ákveðin 24. júní 1998. Henni var frestað vegna veikindaforfalla héraðsdómara. Þegar dómariinn hugðist boða aftur aðalmeðferð, kom fram, að sóknaraðili ætlaði að nýju að krefjast yfirmats, og var mál-ið tekið fyrir 10. ágúst 1998, þar sem krafa um það var lögð fram. Henni hafnaði héraðsdómari með hinum kærða úrskurði.

Héraðsdómari hefur áður hafnað með úrskurði kröfu sóknaraðila um yfirmat, svo sem að framan greinir. Sóknaraðili leitaði ekki endurskoðunar á þeirri niðurstöðu með kæru úrskurðarins. Hann lýsti skömmu síðar gagnaöflun lokið, þegar aðalmeðferð málsins var ákveðin. Þegar þess er gætt ásamt því, að ný krafa sóknaraðila um yfirmat er í andstöðu við meginreglu einkamálaréttarfars um hraða og greiða málsmeðferð, sem er sérstaklega áréttuð varðandi mál um forsjá barna í 1. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992, verður að telja hann hafa fyrirgert rétti til að leita yfirmats. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir, en gjafsókn málsaðila kemur hér ekki til álita, enda er hún gagnvart þeim báðum bundin við rekstur máls þeirra í héraði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, M, greiði varnaraðila, K, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. ágúst 1998.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gær, var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 25. september 1997.

Stefnandi er..., Reykjavík.

Stefndi er..., Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að samkomulag aðila um sameiginlega forsjá barna

þeirra verði felld úr gildi og stefnanda verði dæmd forsjá barna aðila, þeirra Sigurðar Ólafs, Sigbrúðar, Jóns og Odds.

Pá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi og að við málskostnað bætist 24,5% virðisauka-skattur, er beri dráttarvexti frá 10. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfu stefnanda. Jafnframt krefst stefndi þess, að sér verði dæmd forsjá barna aðila og málskostnaðar að skaðlausu.

Aðilar fengu gjafsókn í máli þessu með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. nóv. 1997.

Málavextir og gangur málsins.

Aðilar málsins hófu sambúð 1987 og gengu í hjúskap 1993. Hinn 3. september 1997 fór stefnandi af heimili aðila.

Í skjölum málsins kemur fram, að í sambúð aðila og við sambúðarslit hefur gengið á ýmsu, og ganga ásanir aðila á víxl um óreglu og vanhæfi þeirra hvors um sig.

18. ágúst 1997 var aðilum veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Í skilnaðarleyfi sýslumannsins í Reykjavík var kveðið á um, að aðilar færu sameiginlega með forsjá barnanna. Börnin Sigurður Ólafur og Sigbrúður skyldu eiga lögheimili hjá manningnum og konan greiða með þeim meðlag. Börnin Jón og Oddur skyldu eiga lögheimili hjá konunni og maðurinn greiða meðlag með þeim.

1997 staðfesti sýslumaðurinn í Reykjavík breytingu á samningi um meðlag, sem aðilar gerðu í sept. 1997, á þann veg, að stefnandi skyldi greiða stefnda meðlag með börnunum Jóni og Oddi.

Í nóv. 1997 var gert samkomulag um umgengni vegna máls aðila, en samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá ... 1998 fer stefndi með forsjá barna aðila til bráðabirgða.

Í desember 1997 voru sálfræðingarnir Gunnar Hrafn Birgisson og Þórkatla Aðalsteinsdóttir dómkvödd sem hæfir menn og óvilhallir til þess að meta forsjárhæfni aðila og tengsl þeirra við börn sín.

Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu matsgerð, dags. 3. apríl 1998. Matsgerð þessi var lögð fram 14. apríl sl. Þann dag var málinu frestað til 14. maí sl. til þess að ljúka gagnaöflun, en ætlunin var, að aðalmeðferð færi fram föstudaginn 29. maí nk. Við fyrirtöku málsins 14. maí sl. voru lögð fram dskj. 38–58. Lögmaður stefnda óskaði þá eftir fresti til frekari gagnaöflunar og jafnframt eftir dómkvaðningu yfirmatsmanna til þess að meta forsjár-

hæfni aðila. Ekki var lögð fram matsbeiðni. Lögmaður stefnanda mótmælti því, að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn, og taldi rétt að miða við matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna. Dómkvaðning yfirmatsmanna myndi tefja málið. Með úrskurði, upp kveðnum 20. maí sl., var kröfu lögmanns stefnda um dómkvaðningu yfirmatsmanna hafnað.

Við fyrirtöku málsins 20. maí sl. óskaði lögmaður stefnda eftir fresti til gagnaöflunar, og var málinu frestað til 29. maí sl. til þess að ljúka gagnaöflun, en aðalmeðferð í málinu var ákveðin 24. júní sl.

Við fyrirtöku málsins 29. maí sl. voru lögð fram af hálfu stefnda dskj. 59–62, og lýstu þá lögmennt yfir, að gagnaöflun væri lokið að öðru leyti en því, að lögmaður stefnda áskildi sér rétt til að leggja fram vottorð frá Láru Höllu Maack lækni.

Vegna veikindaforfalla dómara varð að fresta aðalmeðferð málsins, sem fram átti að fara 24. júní sl. Þá er dómari málsins ætlaði að ákveða tíma til aðalmeðferðar nú í ágúst, var honum tilkynnt, að lögmaður stefnda ætlaði að óska eftir dómkvaðningu yfirmatsmanna, og var málið tekið fyrir í því skyni í gær. Við þá fyrirtöku voru lögð fram af hálfu stefnda dskj. nr. 63–71.

Lögmaður stefnda krafðist þess, að dómkvaddir yrðu þrír hæfir og óvilhallir menn til þess að meta hæfni aðila sem forsjáraðila og tengsl þeirra við börn sín. Í matsbeiðni kemur fram, að stefndi vilji ekki una mati hinna dómkvöddu matsmanna, þar sem það virðist vera reist á röngum forsendum.

Lögmaður stefnda vísaði um rökstuðning fyrir kröfu sinni til fram lagðrar bókunar á dskj. 65, þar sem því er haldið fram, að ekki verði annað séð en matsmenn hafi lagt það til grundvallar mati sínu, að stefnandi hafi stjórn á áfengis- og fíkniefnaneyslu sinni. Stefndi telur fram hafa komið nýjar upplýsingar, sem bendi til þess, að matið hafi verið reist á röngum forsendum. Fjarstæðukennt sé, að vímuefnaneytandi hafi stjórn á neyslu sinni. Telur lögmaður stefnda nauðsynlegt, að dómkvaddur verði sem yfirmatsmaður sérfræðingur, svo sem læknir, er sérhæfi sig í að starfa með áfengis- og fíkniefnaneytendum.

Lögmaður stefnanda krafðist þess, að beiðni lögmanns stefnda um dómkvaðningu yfirmatsmanna yrði hafnað, þar sem það myndi eingöngu tefja málið, og vísar um frekari rökstuðning fyrir kröfu sinni til úrskurðar, sem upp var kveðinn í málinu 20. maí sl.

Niðurstaða.

Í yfirmatsbeiðni kemur fram, að óskað er eftir dómkvaðningu yfirmatsmanna til þess að meta hæfni aðila sem forsjáraðila og tengsl þeirra við börn sín, þ. e. hið sama og hinir dómkvöddu matsmenn, sálfræðingarnir

Gunnar Hrafn Birgisson og Þórkatla Aðalsteinsdóttir, mátu. Stefndi telur mat dómkvaddra matsmanna reist á röngum forsendum.

Ekki kemur fram í yfirmatsbeiðni, hverjar hinar röngu forsendur eru, en í fram lagðri bókun á dskj. 65 kemur fram, að stefndi telur, að matsmenn hafi lagt til grundvallar mati sínu fullyrðingar stefnanda um, að hún hafi stjórn á áfengis- og fíkniefnaneyslu sinni. Jafnframt telur stefndi fjarstæðu-kennt, að vímuefnaneytandi hafi stjórn á neyslu sinni.

Ekki verður annað séð en hinir dómkvöddu matsmenn hafi metið það, sem þeim bar að gera, þ. e. forsjárhæfni aðila og tengsl þeirra við börn sín. Í matsgerðinni kemur fram, að matsmenn hafa eftir föngum kynnt sér aðstæður og hæfni aðila, lífnaðarhætti þeirra og þá um leið neyslu þeirra á áfengi og öðrum fíkniefnum. Ekki verður séð, að niðurstaða matsmanna sé á því reist, að stefnandi hafi stjórn á áfengis- og fíkniefnaneyslu sinni. Þvert á móti segir m. a. í sálfræðilegu mati á stefnanda, að veikleiki hennar tengist bæði skertu mótlætisþoli hennar og hættu á óhóflegri vímuefnaneyslu, sérstaklega þegar erfiðleikar steðja að.

Samkvæmt 34. gr. barnalaga nr. 20/1992 ber að hraða málum sem þessu. Mál þetta hefur verið í gangi síðan 25. sept. 1997, og hefur því margsinnis verið frestað til gagnaöflunar og fjöldi skjala lagður fram, þ. á m. um ætlaða óreglu málsaðila beggja. Með vísan til þess, sem hér er rakið, verður ekki séð, að dómkvaðning yfirmatsmanna verði til annars en tefja málið og valda auknum kostnaði við rekstur þess.

Kröfu stefnda um dómkvaðningu yfirmatsmanna er hafnað.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnda um dómkvaðningu yfirmatsmanna er hafnað.